


Sjávargolan

Sigríður Ósk Kristjánsdóttir

mezzo-sópran

Siu Chui Li

píanó



Listasafn Sigurjóns Ólafssonar
Þriðjudaginn 22. júlí 2025 kl. 20:30

Sigríður Ósk Kristjánsdóttir mezzo-sópran lauk söng- og píanó-kennaranámi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík og Artist Diploma og meistaragráðu frá Royal College of Music í London. Einnig sækir hún reglulega tíma hjá Sigríði Ellu Magnúsdóttur. Hún syngur í óperum, óratoríum, með hljómsveitum og kórum og á ljóðatónleikum bæði hérlandis og erlendis.

Sigríður hefur sungið á sviði, meðal annars Glyndebourne Óperunnar, English National Opera, English Touring Opera, Iford Opera, Classical Opera og Íslensku Óperunnar, en þar hefur hún sungið hlutverk *Rosinu* í *Rakaranum* í Sevilla, *Floru Bervoix* í *La Traviata* og *Priðju dömu* í *Töfraflautunni*. Hún hefur sungið í virtum tónleikasölum á borð við Royal Albert Hall, Kings Place, St. Martin in the Fields og Cadogan Hall í London, en þar söng hún ásamt Dame Emma Kirkby og var þeim tónleikum útvarpað á Classic FM.

Af einsöng með hljómsveitum má nefna að Sigríður söng með Sinfóníuhljómsveit Íslands á tónleikunum „Klassíkin okkar“ 2017 og 2018, Symphonia Angelica á Listahátíð í Reykjavík 2016 og á Concerto Grosso-Viking Barokk tónleikunum sem fóru fram í helstu tónleikasölum Norðurlandanna. Þá hefur hún sungið einsöng með kórum eins og Mótettukórnum, Dómkórnum, Kór Langholtskirkju, Óperukórnum í Reykjavík, Karlakór Reykjavíkur og Fóstbræðrum. Hún hefur tekið þátt í ýmsum tónleikaröðum og söng nýverið á Berjadögum og á Skálholtshátíð. Sigríður stendur árlega fyrir jólatónleikunum *Sígildum jólum*.

Söng Sigríðar má meðal annars heyra á geisladiskunum *Engel Lund's Book of Folksongs* og *Með vorið í höndunum*, sönglög Jónasar Ingimundarsonar. Sigríður var tilnefnd til Íslensku Tónlistarverðlaunanna árin 2016, 2017, 2018 og 2021.

Siu Chui Li er ættuð frá Kína, en fædd og uppalin í Englandi. Hún stundaði nám við Guildhall School of Music and Drama og Royal College of Music þar sem hún hlaut Adami-verðlaunin. Hún er eftirsóttur píanóleikari bæði sem einleikari og meðleikari.

Siu Chui hefur haldið kammertónleika víða um Bretlandseyjar, Evrópu og Suðaustur- Asíu, komið fram á stórum hátíðum í Bretlandi, þar á meðal Chichester Festival, West Cork Festival, Isle of Man Festival, árlega á British Isles Music Festival í Surrey og einnig

Efnisskrá

Reynaldo Hahn
1874–1947

A Chloris

Manuel de Falla
1876–1946

Siete Canciones populares Españolas

El paño moruno
Seguidilla murciana
Asturiana
Jota
Nana
Canción
Polo

Maurice Ravel
1875–1937

Quatre chanson populaires

Chanson espagnole
Chanson française
Mélodie italienne
Chanson hébraïque

Maurice Ravel

Deux Mélodies hébraïques

Kaddisch
L' Enigme éternelle

Reynaldo Hahn
1874–1947

úr söngflokknum *Venezia*
La Barcheta

á Festival du Menton í Frakklandi. Af virtum tónleikastöðum þar sem hún hefur leikið, má nefna Wigmore Hall, Royal Festival Hall og Purcell Room, Royal Opera House og De Montford Hall.

Meðal þeirra sem Siu Chui hefur unnið með eru flautuleikarinn Susan Milan, fiðluleikararnir Alex Redington, Elizabeth Cooney og Leonard Schreiber og hinum margrómaða Doric String Quartet. Þá hefur hún verið í samstarfi við stjórnendur Cre Art Project Guillermo Laporta og Tagore Gonzales í spænskum kammerverkefnum. Af nýlegum viðburðum hennar má meðal annars hefna kammertónleika með Anern strengjatríóinu.

Síðari tónleikar sumarsins

Föstudaginn 25. júlí kl. 20:30 – aukatónleikar

Lóa

Dúóið Lóa sem kemur vestan um haf, mynda þær **April Clayton** flautuleikari og **Kristi Shade** hörpuleikari. Flytja þær verk eftir Arnold Bax, Atla Heimi Sveinsson, Daniel Dorff, Jean-Michel Damase og Þórð Magnússon.

Þriðjudaginn 29. júlí kl. 20:30

Bach, Boulanger og íslensk tónlist á harmóníku

Ásta Soffía Þorgeirsdóttir harmóníkuleikari. Klassísk tónverk Johanns Sebastian Bach og Nadiu Boulanger, nýjar tónsmíðar eftir Hauk Tómasson og Ásbjörgu Jónsdóttur og útsetningar Ástu Soffíu á íslenskum sálmum, þjóðlögum og tangóum.

Miðvikudaginn 30. júlí kl. 20:30

Strengir, harpa og andardráttur – tónleikar á vegum flytjenda

Birkir Örn Hafsteinsson klarinettuleikari, **Hjörtur Páll Eggertsson** sellóleikari og **Ólína Ákadóttir** píanóleikari. Á efnisskrá verða meðal annars Gassenhauer-trío Beethovens og Klarinetttrío Brahms. Athugið breyttan tónleikatíma og aðgangseyri.

Þriðjudaginn 5. ágúst kl. 20:30

Hjörleifur Valsson fiðluleikari og **Ourania Menelaou** píanó- og trommuleikari leika Sónötu fyrir fiðlu, píanó og trommur eftir George Johann Carl Antheil, Fimm stykki fyrir fiðlu og píanó eftir Ottorino Respighi og Sónötu fyrir fiðlu og píanó eftir Alfred Schnittke.

*Kaffistofa safnsins er opin eftir tónleikana
The Museum café is open after the concert*